



Landssamband sjálfstæðisverkamanna og sjómanna Bréf 24. Júní 1940 varðandi störf stofnþingsins

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Landssamband sjálfstæðisverkamanna og sjómanna – Stéttarfélag

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-1, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

LANDSSAMBAND SJÁLFSTÆÐISVERKAMANNA OG SJÓMANNA.

Reykjavík, 24. júní 1940.

Kæru félagar,

Við sendum ykkur hérmeð skýrslu um störf stofnþingsins ásamt lögum fyrir sambandið og skrá yfir málfundafélögin.

Viljum við jafnframt nota tækifærið og vekja athygli ykkar á, að eigi stofnun Landssambands sjálfstæðisverkamanna og sjómanna að bera þann ávöxt, er við sjálfstæðisverkamenn vonumst allir til, þá er knýjandi nauðsyn að sem nánast samstarf og samband verði á milli sambandsstjórnarinnar og málfundafélaganna.

Væntum við þess að þið gerið ykkur þessa staðreind ljósa og því skrifið okkur eins oft og möguleikar eru á, skýrið okkur frá starfi ykkar, og jafnframt leitið aðstoðar okkar til að vinna bug á erfiðleikum þeim, er þið hafið við að glíma í félagsstarfi ykkar. Munum við eins og tök eru á greiða fyrir hverju því máli er þið æskið aðstoðar okkar við.

Hugheilar óskir um þróttmikið
og sigurvænlegt framtíðarstarf.

Í stjórn Landssambands sjálfstæðisverkamanna og
sjómanna.

Stevmann Guðmundsson (ritari)
(forseti)
Leifur G. P. vísir
Kirkjubæjarsv. 36. Hafnarfirði